

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, Dalshöfði - virkjun í Hverfisfljóti, Skaftárhreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. mars 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 frá 26. mars 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Fyrirhuguð er allt að 2,5 MW vatnsaflsvirkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í landi Dalshöfða. Landnotkun breytist úr óbyggðu svæði í um 5 ha iðnaðarsvæði. Virkjunin felur í sér gerð stíflu og inntaksmannvirkja, lagningu þrýstipípu, byggingu stöðvarhúss og gerð frárennslisskurðar frá stöðvarhúsi út í Hverfisfljót. Virkjunin tengist dreifikerfinu um jarðstreng til að koma í veg fyrir sjónræn áhrif.
2. Nýr 7 km vegslóði verður lagður í austurjaðri Skaftáreldahrauns frá heimreið Dalshöfða að stöðvarhúsi og mun vegurinn þvera Hverfisfljót með brú skammt suðvestur af Dalshöfða.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. mars 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.